



Skipulagsfulltrúi  
b.t. Ingvar J. Bates

Reykjavík 11. maí 2023

***Aðflugsljós við Reykjavíkurlflugvöll, tilkynning um framkvæmd til ákvörðunar um mats skyldu.***

**Minnisblað.**

Vísað er í tilkynningu frá Skipulagsstofnun um framkvæmd til ákvörðunar um mats skyldu fyrirhugaðra framkvæmda ISAVIA á aðflugsljósum við Suðurgötu frá 23. mars 2023 ásamt skýrslu ISAVIA, Reykjavíkurlflugvöllur. Aðflugsljós við Suðurgötu dags. í mars 2023.

Undirritaður gerði meðfylgjandi minnisblað dags. 3. feb. 2014 vegna deiliskipulagsbreytingu þar sem gert er ráð fyrir að aðflugsljósum sé komið fyrir á svæði sem var skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og sem strandsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Umrætt svæði er hverfisverndað en almennt er gert ráð fyrir að framkvæmdum sé haldið í lágmarki á slíkum svæðum. Reykjavíkurborg hefur einnig óskað eftir við Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytið að hafið verði formlegt samtal um friðlýsingu strandlengjunnar.

Í minnisblaðinu frá 2014 er fjallað um náttúrufar, ljósáhrif og útivist og bent á neikvæð áhrif. Það rímar ekki við niðurstöður í skýrslu ISAVIA um að áhrifin séu óveruleg.

Þórólfur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða

Meðfylgjandi:  
Minnisblað vegna deiliskipulags dags. 3. feb. 2023





Reykjavík, 3. febrúar, 2014.

## DEILISKIPULAGSBREYTING FYRIR STARHAGA – ÞORMÓÐSSTAÐAVEG – TILLAGA

Aðflugsljós fyrir Reykjavíkflugvöll  
**Minnisblað frá deild náttúru og garða.**

Í deiliskipulagsbreytingu þessari er gert ráð fyrir að aðflugsljósum sé komið fyrir á svæði sem er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og sem strandsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Um er að ræða 8 skilgreinda byggingarreiti þar sem reist eru undirstaða, burðarvirki úr stáli og lendingarljós á stálbitum. Um þrjár gerðir reita er að ræða með mismunandi hámarkshæð, breidd stálbita og fjölda ljósa.

Hverfisvernd. Líkt og kemur fram í tillögunni nær skipulagsbreytingin að hluta til inn á svæði sem er hverfisverndað samkvæmt gildandi aðalskipulagi vegna náttúrufars og menningarminja. Ljóst er að a.m.k. 4 byggingarreitir eru að öllu eða einhverju leyti innan hverfisverndaða svæðisins og 2 til viðbótar í jaðri hverfisverndaða svæðisins. Þar af fellur einn byggingarreitur innan svæðis sem er sérstaklega skilgreint sem verndarsvæði fornminja. Ljóst er að þessi deiliskipulagsbreyting felur í sér töluvert rask innan hverfisverndaðs svæðis og er það í mótsögn við Aðalskipulag 2010-2030 þar sem ekki er ráð gert fyrir að verndarsvæði innan Borgarluta 1 – Vesturbæ verði skert og við almenna stefnu um hverfisvernduð svæði þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdum verði haldið í lágmarki innan þeirra.

Náttúrufar skipulagssvæðisins er einkum af tvennum toga. Stærstur hluti þess má skilgreina sem graslendi/blómlendi eða tún með blöndu af ræktuðum og náttúrulegum gróðri. Grastegundir eru mest áberandi en nokkuð er um víðikjarr, hugsanlega sjálfsáíð að einhverju leyti. Á sumrin er þetta svæði all gróskumikið og búsvæði fyrir fugla og smádýralíf, einkum skordýr. Þó er ekki hægt að segja að svæðið búi yfir mjög sérstöku lífríki. Vestasti hluti skipulagssvæðisins hins vegar fer inn á mjög mikilvægt búsvæði sem er þangfjara og fjörुकambur. Ysti byggingarreiturinn er á þessu svæði og má því búast við nokkru raski á strandgróðri t.d. melgresi og öðrum plöntutegundum. Ólíklegt er að raskið hafi mikil áhrif á vistkerfi fjörunnar þar sem hún er víðfeðm á þessu svæði en hugsanlegt að fjörुकamburinn verði rofinn og ásýnd hans því skert.

Í heild er ólíklegt að rask sem fylgir þessum framkvæmdum muni hafa mikil áhrif á náttúrufar svæðisins þar sem byggingarreitirnir eru smáir en ljóst er að svæðið muni minnka og heilleiki þess skerðast. Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir óverulegum áhrifum á náttúru og vistkerfi og er það sennilega rétt en þó einungis ef framkvæmdum utan við fyrirfram skilgreinda byggingarreiti fylgi sem allra minnst rask. Á það t.d. við um akstur vinnuvéla, staðsetningu vinnuskúrs og almenna umgengni og frágang framkvæmdaaðila. Þar sem skilgreindir byggingarreitir eru margir og dreifðir um svæðið þarf einungis lítið viðbótarask vegna framkvæmda til að áhrif á náttúrufar og vistkerfi teljist neikvæð og hugsanlega óafturkræf. Þá er slæmt að ekki sé gert ráð fyrir í tillögunni að farið sé í aðgerðir til að styrkja vistkerfið.



Ljósáhrif. Það ber að nefna að ekki hefur verið kannað hvort ljósin sjálf þegar þau eru notuð geti haft óæskileg áhrif á lífríki svæðisins og þá einkum á fuglalíf og lífríki fjörunnar. Vitað er að stöðug ljósmengun hefur yfirleitt neikvæð áhrif á hegðun ýmissa dýrategunda en minna er vitað um áhrif af tímabundinni notkun mjög bjartra ljósa. Gera má ráð fyrir að slíkt valdi töluverðum óþægindum fyrir dýr í sjó og landi þótt minni líkur séu á að þær truflanir hafi alvarlegar afleiðingar til langs tíma líkt og getur verið með stöðuga ljósmengun. Tíð notkun slíkra ljósa getur þó raskað t.d. hvíldar- og ferðavenjum lífvera. Þörf er á nánari rannsóknum.

Útivist. Ljóst er að helstu gallar við þessa tillögu um deiliskipulagsbreytingu varða neikvæð áhrif á landslag og gildi svæðisins til útivistar og upplifunar. Svæðið er hluti af afar vinsælu og stóru útivistarsvæði sem er strandlengja Skerjafjarðar. Byggingarreitur eru mjög nálægt og í einhverjum tilfellum alveg upp við göngu- og hjólastíga þar sem umferð vegfarenda er mikil daglega. Sérstaklega mun byggingarreitur B þar sem langstærsta mannvirkni er, vera mjög áberandi fyrir vegfarendur enda alveg upp við svæði þar sem nú eru bekkir og leiksvæði. Ljóst er að umfang og fjöldi þeirra mannvirkja sem hér um ræðir mun gjörbreyta ásýnd svæðisins til hins verra. Þá er ljóst að mannvirkin munu sjást úr töluverðri fjarlægð þar sem svæðið er opið til allra átta. Sérstaklega er slæmt að vestasti byggingarreiturinn er á svæði sem er afar vel sýnilegt frá stærstum hluta strandlengjunnar, frá Faxaskjólí til Skildinganes og á þeim hluta strandsvæðisins (fjaran) þar sem mannvirki eru lítil sem engin. Þar sem svæðið er að mestu flatt með lágvöxnum gróðri er erfitt að ímynda sér hvernig hægt er að fella mannvirkin að umhverfinu, þau munu alltaf vera mjög sýnileg.

Niðurstaða. Við teljum því að þrátt fyrir ágætlega ígrundaða tillögu að deiliskipulagsbreytingu hafi áhrif á náttúru og vistkerfi skipulagssvæðisins verið vanmetin þar sem fjöldi og dreifing byggingarreita leiði óneitanlega til að rask á svæðinu verði allverulegt og að miklu leyti innan við eða í jafri hverfisverndaðs svæðis. Einnig tekur tillagan ekki tillit til mögulegra neikvæðra áhrifa ljósmengunar á lífríki. Þá eru áhrifin á landslag og upplifun mjög neikvæð og við drögum í efa að hægt verði að fella mannvirkin að umhverfinu þar sem tækifæri til að dylja þau eru mjög takmörkuð á þessu svæði. Ásýnd svæðisins í nánd og allmikilli fjarlægð, sérstaklega frá öðrum hlutum strandlengjunnar, muni því breytast mikið til hins verra.

Snorri Sigurðsson


Þórólfur Jónsson

Deild náttúru og garða



## Reykjavíkurlugvöllur - aðflugsljós við Suðurgötu / ákvörðun um matsskyldu

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. mars 2023 var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 23. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn um tilkynningu Isavia innanlandsflugvalla ehf., dags. 1. mars 2023, um aðflugsljós við Suðurgötu á Reykjavíkurlugvelli, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og tl. 13.02 í 1. viðauka við lögin. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt minnisblaði deildarstjóra náttúru og garða, dags. 11. maí.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag Starhaga – aðflugsljós fyrir Reykjavíkurlugvöll

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er framkvæmdasvæðið innan strandsvæða (ST5 og ST6).

**Deiliskipulag:** Í gildi er deiliskipulag Starhagi – aðflugsljós fyrir Reykjavíkurlugvöll, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þann 27. janúar 2017.

### Umsögn

Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa sbr. tilkynningu frá Skipulagsstofnun um framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda við aðflugsljós frá 23. mars 2023 ásamt skýrslu Isavia innanlandsflugvelli ehf. *Reykjavíkurlugvöllur - Aðflugsljós við Suðurgötu*, dags. 1. mars 2023.

Áhrif framkvæmdarinnar varðar *hverfisvernd* úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, *náttúrufar*, *ljósháhrif* og *útvist* sem sjá má útlistað frekar með nákvæmum hætti í minnisblaði deildar náttúru og garða hjá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 3. febrúar 2014. Skipulagsfulltrúi tekur undir niðurstöðu sérfræðinga frá deild náttúru og garða sbr. minnisblað dags. 3. febrúar 2014 sem er áréttuð með minnisblaði 11. maí 2023) sem telja:

...að þrátt fyrir ágætlega ígrundaða tillögu að deiliskipulagsbreytingu hafi áhrif á náttúru og vistkerfi skipulagssvæðisins verið vanmetin þar sem fjöldi og dreifing byggingarreita leiði óneitanlega til að rask á svæðinu verði allverulegt og að miklu leyti innan við eða í jafri hverfisverndaðs svæðis. Einnig tekur tillagan ekki tillit til mögulegra neikvæðra áhrifa ljósmengunar á lífríki. Þá eru áhrifin á landslag og upplifun mjög neikvæð og við drögum í efa að hægt verði að fella mannvirkin að umhverfinu þar sem tækifæri til að dylja þau eru mjög takmörkuð á þessu svæði. Ásýnd svæðisins í nánd og allmikill fjarlægð, sérstaklega frá öðrum hlutum strandlengjunnar, muni því breytast mikið til hins verra.

Skipulagfulltrúi vill koma á framfæri athugasemdum á efnislegri framsetningu skýrslunnar en þar koma fram hæpnar fullyrðingar og kynlegt orðalag. Langt er seilst í samanburð við aðrar framkvæmdir og uppbyggingarverkefni, t.a.m. mögulega landfyllingu 2. áfanga Nýja Skerjafjarðar en þar hefur endanleg matsáætlun ekki verið kynnt opinberlega. Í skýrslunni er borið saman magn og umfang efnisflutninga eftir (væntanlega) Suðurgötu vegna annarsvegar framkvæmda við undirstöður aðflugsljósanna og hinsvegar landfyllingarinnar. Vert er að benda á að efnisflutningar vegna landfyllingar í Nýja Skerjafirði gætu verið að hluta útfærðir sjóleiðina og að hluta til austan að eftir sérstökum framkvæmdavegi, seinna vegstæði Borgarlínu, út fyrir flugbrautarenda.

Þá er fullyrt að jarðhræringar á Reykjaneskaga hafi gjörbreytt forsendum um staðarval flugvallarins og þá væntanlega vísað í hugmyndir um nýjan innanlandsflugvöll í Hvassahruni sem er þá (líklega?) sleginn af borðinu. Gildishlaðið orðfæri og á köflum furðulegt orðalag, ónákvæmt og hóflaust á við „*algjört uppnám*“ og „*algjöru samræmi*“, „*litskrúðugur gamall skúr sem verður seint talinn augnayndi*“, og að „*aðflugsljósinn verði líklega vinsælir setstaðir fugla í friði frá köttum*“ rýrir trúverðugleika skýrslunnar.

## Niðurstaða

- Umrætt svæði er hverfisverndað en almennt er gert ráð fyrir að framkvæmdum sé haldið í lágmarki á slíkum svæðum. Í minnisblaðinu dags. 2014 er fjallað um hverfisvernd, náttúrufar, ljósáhrif og útivist og bent á neikvæð áhrif framkvæmdarinnar. Það rímar ekki við niðurstöður í skýrslu Isavia innanlandsflugvellir ehf. um að áhrifin séu óveruleg.
- Með vísan í minnisblöð dags. 3 febrúar 2014 og 11. maí 2023 frá deild náttúru og garða (sjá í viðauka með umsögn) telur skipulagsfulltrúi að framkvæmdin eigi að fara í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa,  
**/Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt.**



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar Skipulagsfulltrúa frá 17.5.2023 varðandi eftirfarandi mál:

### **Reykjavíkurlflugvöllur - aðflugsljós við Suðurgötu - ákvörðun um matsskyldu**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. mars 2023 var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 23. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn um tilkynningu Isavia innanlandsflugvalla ehf., dags. í mars 2023, um aðflugsljós við Suðurgötu á Reykjavíkurlflugvelli, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og tl. 13.02 í 1. viðauka við lögin. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt minnisblaði deildarstjóra náttúru og garða, dags. 11. maí og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 17. maí 2023.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 17. maí 2023, samþykkt.

Þuríður María Guðmundsdóttir  
F.h. skipulagsfulltrúa

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 17. maí 2023.

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍK  
Ísland

Reykjavík, 28. apríl 2023  
Tilvísun: 2023030302/25.3.7

## Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tilkynningu vegna aðflugsljósa við Suðurgötu á Reykjavíkurflugvelli

Vísað er til tölvubréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. mars 2023 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tilkynningu vegna aðflugsljósa við Suðurgötu á Reykjavíkurflugvelli. Meta á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisaðgerðum og vöktun. Einnig hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat: Loks skal gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. HER hefur farið yfir tilkynninguna og gefur eftirfarandi umsögn.

Almennt telur HER að vel sé gert grein fyrir framkvæmdinni og þeim áhrifum sem hún kynni að hafa. Varðandi lið 1.4 Leyfi, vekur HER þó athygli á því að í framkvæmdinni felst að efni er sett í hafið, nánar tiltekið fyllingar og grjótvörn vegna tveggja ystu ljósanna. HER bendir á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að ákveðnum efnum, þ.á.m. náttúrulegum óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið, sé varpað í hafið. HER telur að leita þurfi til Umhverfisstofnunar og fá álit á hvort fyllingar og grjótvörn falli undir ákvæði 9. gr. laga nr. 33/2004 og ef svo er að afla leyfis Umhverfisstofnunar fyrir því. HER vill einnig taka fram að gæta þarf mótvægisaðgerða til að draga úr gruggmyndun við framkvæmdir til að valda sem minnstu raski á lífríki.

HER telur að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu ekki umtalsverð og hluti að því raski sem í henni fellst er afturkræft. Það er því niðurstaða HER að framkvæmdin þurfi ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi

Guðjón I. Eggertsson  
Heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. apríl 2023  
Málsnúmer: 202303-0054  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við aðflugsljós á Reykjavíkflugvelli.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 23. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynnta framkvæmd Isavia Innanlandsflugvalla ehf. um aðflugsljós við Suðurgötu á Reykjavíkflugvelli.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um framkvæmdina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Framkvæmdin felst í uppsetningu á aðflugsljósum frá flugbrautarenda og vestur yfir Suðurgötu. Í hverri ljósamstæðu verða 5 ljós, nema í einni sem mun hafa 13 ljós. Í heildina munu aðflugsljósin fara 275 m út frá vesturenda flugbrautarinnar og að stærstum hluta vera í fjörukambi eða á klöpp í fjörunni sjálfri. Framkvæmdin felur því í sér rask þar sem ljósamstæðurnar eru staðsettar þar sem þörf er á fyllingum og grjótvörnum, en einnig er þörf á vinnuvegi meðfram öllum ljósastæðum á verk tíma. Vinnuvegurinn verður aðallega ofan á fjörukambinum en út að hverri ljósamstæðu þarf að liggja vegbútur. Þörf er á um 2000 rúmmetrum af efni fyrir framkvæmdina, sem tekið verður úr opnum námum.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er einkum fjöru- og strandsvæðið við norðanverðan Skerjafjörð. Þar er strandlína að stórum hluta upprunaleg og lítt röskuð og er um lífauðugt svæði að ræða. Þar finnast ýmsar fjöruvistgerðir, margar með hátt verndargildi, og fuglalíf er sömuleiðis auðugt. Svæðið nýtur ekki verndar en eins og fram kemur í greinargerðinni er allur Skerjafjörðurinn á tillögu Náttúrufræðistofnunar fyrir B-hluta náttúru-minjaskrár. Það er því almenn afstaða Náttúrufræðistofnunar að forðast eigi framkvæmdir sem valda raski og mögulega rýra verndargildi svæðisins og rökstyðja þarf vel nauðsyn þeirra.

Miðað við lýsingu á framkvæmdinni á aðflugsljósunum er ljóst að hún mun valda staðbundnu raski á fjörusvæði sem er að hluta til óraskað, og þ.a.l. hafa neikvæð staðbundin áhrif á lífríki fjörunnar. Þau áhrif eru varanleg að hluta þar sem fjöruvistgerðir og búsvæði lífvera munu víkja fyrir ljósastæðunum. Miðað við framkvæmdalýsingu er þéttleiki þangs á því svæði þar sem raska þarf fjörubedinum sjálfum ekki sérlega mikill vegna brims og er það jákvætt (mynd 4.1.) því verra væri ef mjög þétt þangbelti með miklum lífmassa væri á svæðinu. Rask á fjörukambi verður einkum á graslendi sem er að hluta til ræktað gras. Náttúrufræðistofnun tekur undir að þau áhrif séu óveruleg. Mikilvægt er að tímabundin áhrif vegna vinnuvegar verði bætt upp með sáningu eða annarri endurgræðslu.

Fjallað er um áhrif á fuglalíf í tilkynningunni. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að vegna þess að framkvæmdasvæðið er lítið verður búsvæðatap fyrir fugla takmarkað vegna framkvæmdarinnar og mögulega geta einhverjar fuglategundir nýtt sér ljósastæðurnar sem setstaði. Áhrif vegna ljósmengunar á fuglalíf eru lítið rannsökuð hér á landi og telur





Náttúrufræðistofnun ástæðu til að bæta úr því og þar geta aðflugsljós flugvalla sem eru notuð á fyrirsjáanlegan hátt verið heppilegt viðfangsefni. Ekki er hægt að útiloka að ljósin muni fela í sér truflun fyrir t.d. fugla sem nýta sér svæðið næst flugbrautinni sem fæðuöflunar- eða varpsvæði. Sú truflun er auðvitað viðbót við margs konar áreiti sem fyrir er og því erfitt að leggja mat á nákvæmlega hver viðbótaráhrifin verða. Þó eru alltaf einhver þolmörk sem ber að taka tillit til og þau geta verið mismunandi milli tegunda. Betri vöktun á fuglalífi í kringum Reykjavíkurflugvöll gæti varpað ljósi á slíkt.

Ásýndaráhrif vegna framkvæmdarinnar verða allnokkur og þar munar mest um ljósastæðurnar í fjörunni sjálfri. Svæðið er eins og áður sagði frekar lítið raskað þó vissulega séu ýmis mannvirki innan þess eða í jaðri þess. Svæðið er einnig hluti af mjög vinsælu útivistarsvæði borgarbúa.

Náttúrufræðistofnun telur að vegna eðli og mikilvægi framkvæmdar, og þar sem hún ein og sér er ekki það umfangsmikil og er ólíkleg til að hafa mikil áhrif á lífríki eða umhverfi svæðisins, þá er ekki ástæða til að fara í mat á umhverfisáhrifum. Að því sögðu bætist hér við enn ein framkvæmdin í Skerjafirði og sammögnunaráhrif misstórra framkvæmda á svæðinu í heild hafa auðvitað margvísleg og neikvæð áhrif á fjöruvistgerðir, búsvæði fugla og annarra lífvera og umhverfisgæði almennt. Mikilvægt er að huga að því við ákvarðanatöku skipulags og framkvæmda. Þá ýtir það enn frekar undir mikilvægi þess að bætt sér úr verndarstöðu svæðisins og að svæði í Skerjafirði sem enn eru óröskuð séu vernduð á afgerandi hátt t.d. með friðlýsingu.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður, 21.04.2023  
2023-03-0120  
GÁÓ

### **Efni: 202212082 - 202303060 - Aðflugsljós á Reykjavíkurflugvelli**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. janúar 2023, varðandi greinagerð sem Isavia innanlandsflugvelli ehf. sendu Skipulagsstofnun með tilkynningu um aðflugsljós við Suðurgötu á Reykjavíkurflugvelli, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og tl. 13.02 í 1. viðauka við löginn.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 óskaði Skipulagsstofnun eftir að Hafrannsóknastofnun gæfi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skuli koma fram hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Í greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu er eftirfarandi samantekt á væntum áhrifum á lífríki á starfssviði Hafrannsóknastofnunar „Lítið er um fjörugróður sökum mikils ágangs sjávar og er fjöruklöppin þar sem aðflugsljós verða staðsett að mestu auð.“ Og „þegar horft er til þess að það sem raskast er að mestu manngerð grasflöt, og að fjaran er gróðurlítill og að rasksvæði er lítið, þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á gróður séu óveruleg.“

Svæðið sem um ræðir er hefðbundin grýtt þangfjara og er fjaran á þessu svæði að mestu leiti náttúruleg með hefðbundið fjöruklöpp, bæði gróður og smádýralíf. Vegna staðsetningar er fjaran í Skerjafirði sérstaklega mikilvæg sem náttúrulegt búsvæði í borgarlandi. Samkvæmt greinargerð verður framkvæmdasvæðið hinsvegar bundið að mestu við svæði ofan fjöru marka eða í efsta borði fjörunnar.

Hafrannsóknastofnun gerir því athugasemd við almennt mat framkvæmdaaðila á náttúrufari svæðisins en telur að náist afmörkun á framkvæmd og áhrifum hennar við efra fjöruborð verði umhverfisáhrif takmörkuð. Framkvæmdin fellur ekki undir 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,



Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir